

Miðvikudaginn 28. maí 1986.

Nr. 136/1985. **Pétur Jónsson og**

Baldur Jónsson

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Straumi h/f

(Svala Thorlacius hrl.)

Verksamningur. Synjað um frest í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Bjarni K. Bjarnason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur skutu máli þessu fyrst til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 3. ágúst 1983, en því máli var vísað frá Hæstarétti með dómi 9. maí 1985. Þeir áfrýjuðu málinu á ný til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1985 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Áfrýjendur krefjast þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara að þeim verði einungis gert að greiða stefnda 68.937,90 krónur ásamt vöxtum. Í báðum tilvikum krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal greinargerð, sem lögmaður áfrýjenda hugðist leggja fram í héraði og endurrit skýrslna, sem áfrýjandinn Baldur Jónsson og Gunnar Steinþórsson, framkvæmdastjóri stefnda, gáfu á bæjarþingi Reykjavíkur 20. janúar 1984.

I.

Áfrýjendur reisa aðalkröfu sína á því, að á dómþingi bæjarþings Ísafjarðar 5. maí 1983 hafi þeir farið fram á einnar viku frest til framlagningar greinargerðar. Greinargerð þessi hafi þá verið tilbúin og á leið til Ísafjarðar með flugpósti. Sökum tafa á samgöngum hafi lögmanni áfrýjenda, sem hafi skrifstofu í Reykjavík, ekki tekist

að koma greinargerðinni vestur á Ísafjörð í tæka tíð. Hafi dómara þeim sem fór með málið og umboðsmanni stefnda verið gerð grein fyrir þessu á dómþinginu. Telja áfrýjendur, að dómara hafi þá borið annaðhvort að fresta málinu til könnunar á málavöxtum eða fresta uppkvaðningu úrskurðar og leyfa umboðsmönnum aðila að tjá sig frekar um frestbeiðnina. Það hafi hann ekki gert og beri því að fella dóminn úr gildi og vísa málinu heim í hérað. Auk þess telja áfrýjendur að málið hafi verið vanreifað í héraði.

Stefndi mótmælir aðalkröfu áfrýjenda.

Málið var höfðað í héraði með stefnu birtri 1. og 2. mars 1983 og var þingfest 10. sama mánaðar. Umboðsmaður stefnanda í héraði, stefndi í máli þessu, fékk þá frest til 17. sama mánaðar til þess að skila greinargerð. Er málið var tekið fyrir þann dag fékk umboðsmaður stefndu í héraði, áfrýjenda máls þessa, frest til greinargerðar til 14. apríl og síðar viðbótarfrest í sama skyni til 28. apríl og loks til 5. maí. Er málið kom fyrir þann dag mótmælti umboðsmaður stefnanda í héraði því að frekari frestur yrði veittur. Félst héraðsdómari á það sjónarmið, synjaði um frekari frest og tók málið til dóms. Héraðsdómur var síðan kveðinn upp 27. maí 1983.

Telja verður, að áfrýjendum hafi verið veittur nægur frestur til andsvara í héraði. Þá verður ekki fallist á með áfrýjendum að málið hafi verið svo vanreifað í héraði að varða eigi ómerkingu eða frávísun. Samkvæmt þessu verður aðalkrafa áfrýjenda ekki tekin til greina.

II.

Stefndi gerði skriflegt tilboð í verk það sem í málinu greinir og lýst er í héraðsdómi. Var það byggt á einingarverðum samkvæmt tilboðsskrá og var niðurstaða tilboðsins á grundvelli einingarverða 652.067,54 krónur, en í tilboðinu var bætt við liðnum „Ófyrirséð 15%“, sem nam 97.810,00 krónum, þannig að heildarfjárhæð tilboðsins nam 749.877,54 krónum.

Varakrafa áfrýjenda er á því byggð, að ofangreint 15% álag hafi ekki verið tekið með í samningum aðila, enda hafi áfrýjendur hafnað því. Stefndi heldur því hins vegar fram, að aðilar hafi lagt heildarfjárhæð samkvæmt tilboðinu, 749.877,54 krónur, til grundvallar verksamningi sínum.

Óumdeilt er með aðilum hér fyrir dómi, að umsamin verklaun hafi átt að greiðast með verðbótum og að áfrýjendur hafi greitt stefnda samtals 883.995,00 krónur í verklaun. Þá viðurkenna áfrýjendur að skulda stefnda 68.937,90 krónur.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir dóminn, deila aðilar aðeins um, hvort stefnda hafi borið fyrrgreint 15% álag samkvæmt umræddu skriflegu tilboði stefnda. Skriflegur verksamningur var ekki gerður og er ósannað, að áfrýjendur hafi gert fyrirvara um nefnt álag, þannig að stefnda hafi mátt vera ljóst að því væri hafnað. Hafa áfrýjendur ekki sýnt fram á að stefnda hafi af þessum eða öðrum ástæðum eigi verið rétt að ganga út frá því, að í verksamningi aðila væri nefnd heildarfjárhæð tilboðsins, 749.877,54 krónur, lögð til grundvallar. Þar sem ekki er ágreiningur um greiðslu verðbóta út af fyrir sig né tölulegan útreikning á kröfum stefnda, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 35.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Pétur Jónsson og Baldur Jónsson, greiði stefnda, Straumi h/f, 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 26. maí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi af Straumi hf. nnr. 8527-7820, Ísafirði, gegn Baldri Jónssyni nnr. 0922-3770, Álfhólsvegi 149, Kópavogi og Pétri Jónssyni nnr. 7100-2004, Barónsstíg 13, Reykjavík in solidum með stefnu birtri hinn 1. og 2. mars 1983 á heimilum stefndu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 199.798,- auk vaxta 37% á ári frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982 en 45% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags, dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Hina umræddu skuld kveður stefnandi vera tilkomna vegna tilboðsverks sem stefnandi hafi tekið að sér sem undirverktaki hjá stefndu, við byggingu íbúða aldraðra að Torfunesi, Ísafirði, sem hafi verið unnið á árunum 1981 og 1982. Stefnandi hafi skilað verkinu fullunnu í ágústmánuði 1982. Verkið

skyldi unnið skv. tilboði. Heildarkostnaður verksins skv. útreikningi eftirlitsmanns við byggingu hússins hafi numið kr. 1.083.793,- að meðtöldum verðbótum og kostnaði vegna breytinga á verkinu. Stefndu hafi greitt á verk tímanum kr. 883.995,- til stefnanda, á tímabilinu 11. febrúar til 26. júní 1982. Eftirstöðvarnar kr. 199.798,- hafi eigi fengist greiddar þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir en verkinu hafi verið lokið fyrir 1. sept. 1982. Mál þetta var þingfest hinn 10. mars sl. og var þá frestað til 17. mars, að ósk stefnanda. Í því þinghaldi var lögð fram greinargerð stefnanda og málinu frestað til 14. apríl til framlagningar greinargerðar af hálfu stefndu. Hinn 14. apríl var málinu enn frestað til 28. apríl til framlagningar greinargerðar stefndu. Þann dag var málinu enn frestað til 5. maí til framlagningar greinargerðar af hálfu stefndu. Allir þessi festir voru samkvæmt ósk stefndu með samþykki stefnanda. Hinn 5. maí sl. var greinargerð af hálfu stefndu ekki enn til staðar og synjaði umboðsmaður stefnanda um frekari fresti og krafðist dómstöku málsins.

Umboðsmaður stefndu óskaði eftir viku fresti til framlagningar greinargerðar og var krafist úrskurðar dómarsins sem hafnaði frekari fresti og úrskurðaði að málið skyldi dómtekið. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.500,-.

Dóminn kvað upp Guðmundur Sigurjónsson.

D ó m s o r ð:

Stefndu Pétur Jónsson, Barónsstíg 13, Reykjavík, og Baldur Jónsson, Álfhólsvegi 149, Kópavogi, greiði in solidum stefnanda Straumi hf., Ísafirði kr. 199.798,- auk 37% ársvaxta frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982 en með 45% ársvöxtum frá þeim tíma til 10. mars 1983 en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 21.500,- í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.